

Alþingi
Erindi nr. P 141/1490
komudagur 11.2.2013

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2013
2013010124

Efni: Umsögn Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014 (458. mál)

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014 - 458. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. janúar sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014 - 458. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa kom að gerð áætlunarinnar með velferðarráðuneytinu og fagnar því að hún hafi verið lögð fram á Alþingi og hvetur til þess að hún verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Stofan telur ástæðu til þess að vekja sérstaklega athygli á nokkrum þáttum í framkvæmdaáætluninni sem varðar starfsemi stofunnar.

Í fyrsta lagi bendir stofan á mikilvægi þess að Barnaverndarstofa hafi svigrúm til þess að halda áfram að þróa meðferðarráðgjafi á vegum stofunnar svo þau uppfylli faglegar kröfur sem gerðar eru til meðferðarstarfs á hverjum tíma og geti mætt þörfum barnaverndarnefnda svo að úrræði stofunanna mæti þörfum þeirra og barna, sem þurfa á meðferð að halda á hverjum tíma. Stofan hefur áður bent Alþingi á að þörf er á að setja á fót nýtt meðferðarheimili sem sinnir unglíngum með alvarlegan vímuefna- og afbrotavanda. Er slíkt heimili jafnframt forsenda þess að unnt sé að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Leggur Barnaverndarstofa því áherslu á kafla 3.2 í tillögunni.

Hvað varðar tilraunaverkefni (kafla 3.3) þá telur Barnaverndarstofa í öðru lagi rétt að benda velferðarnefnd á að ekki hefur verið eftirspurn eftir hópmeðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi eða eru beitt líkamlegu ofbeldi (3.3.2). Er því tilraunaverkefni því lokið og rétt að taka það út úr tillögu þeirri sem liggur fyrir þinginu. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að í tilraunaverkefni, sem nefnt er í kafla 3.3.1, er þeim börnum, þar sem ofbeldi hefur verið á heimili, veitt þjónusta.

Í þriðja lagi telur Barnaverndarstofa rétt að vekja sérstaka athygli velferðarnefndar á því verkefni sem talið er upp í kafla 3.3.4 um bætt verklag í vinnslu barnaverndarmála með innleiðingu kerfisbundinnar greiningar. Barnaverndarstofa hefur áhuga á að eiga samstarf við barnaverndarnefndir hér á landi um innleiðingu á greiningarkerfi til þess að bæta könnun barnaverndarmála. Er slík vinna til þess fallin að varpa betur og fyrr ljósi á hvaða vandi fjölskyldur glíma við og á þar af leiðandi að auðvelda barnaverndarnefndum að veita þann stuðning sem best er til þess fallinn að bæta aðstæður barna á því heimili eins fljótt og mögulegt er. Hafa slík greiningartæki verið tekin upp erlendis og hafa þau gefist vel, t.a.m. í Svíþjóð og Bretlandi. Er það von Barnaverndarstofu að ef slíkt tilraunaverkefni kemur vel út þá verði barnaverndarnefndum gert að innleiða slíkt greiningartæki við störf sín í þeim tilgangi að auðvelda þeim könnun barnaverndarmála og bæta þá vinnu.

Barnaverndarstofa telur í fjórða lagi rétt að vekja athygli velferðarnefndar á þátttöku Barnaverndarstofu í innleiðingu Barnahúsa í Evrópu. Í kjölfar þess að samþykktur var sérstakur samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi (Lanzarote-samningurinn) hefur verið leitað til Barnaverndarstofu um liðsinni við stofnun barnahúsa í Evrópu að íslenskri fyrirmynd. Barnaverndarstofa hefur fallist á að eiga aðild að undirbúningsstarfi vegna stofnunar og starfsemi barnahúsa, t.d. í Litháen og Færeyjum. Einnig hefur eftirlitsnefnd með framkvæmd samningsins leitað eftir samstarfi um fleiri verkefni á þessu sviði. Er Ísland hér leiðandi í þessum málaflokki og sérstök ástæða til þess að vekja athygli velferðarnefndar á því hversu víða hróður Barnahúss hefur borist.

Að lokum telur Barnaverndarstofa rétt að upplýsa velferðarnefnd um að óvíst er að þau tilraunaverkefni og þróun meðferðarstarfs sem fjallað er um í framkvæmdaáætluninni komi til framkvæmdar vegna þröngrar fjárhagsstöðu stofunnar.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu